

Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 21. mars 2002.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, 562. mál.

Í frumvarpinu er að finna tillögu að tveim megin breytingum á gildandi lögum um stjórn fiskveiða. Önnur kveður á um að eignarhlutur einstakra útgerða af heildarúthlutun geti án skilyrða aukist úr 8% af heild í kvótabundnum tegundum í 12% án skilyrða. Í gildandi lögum er eignarhlutur frá 8-12% skilyrtur dreifðri eignaraðild þar sem enginn einstakur eigandi má eiga meira en 20% í viðkomandi útgerð.

Í sömu grein er að finna ákvæði þess efnis að hlutur einstakra útgerða í ýsu, ufsa, karfa og grálúðu geti numið allt að 50% af heildarúthlutun sem er í gildandi lögum 10-20%. Hér er að mati félagsins of langt gengið hvað varða eignarhlut einstakra útgerða í nefndum fiskistofnum þó vafalítið fylgji því bæði kostir og gallar að einstök fyrirtæki í sjávarútvegi sameinist meir en orðið er.

Kostirnir felast vafalítið í sterkari einingum sem eiga að geta tryggt starfsfólkinu stöðugri atvinnu og betri kjör en smærri fyrirtækin allajafna geta. Einnig er líklegt að með hærri aflahlutdeild einstakra útgerða í einstökum tegundum þá aukist sérhæfnin sem aftur á að leiða til bættrar afkomu þeirra.

Líklegir ókostir eru aftur á móti þeir að þegar útgerðarfyrirtækjum fækkar þá munu þau smærri verða keypt upp af þeim sem öflugri eru og með samþjöppuninni þá flytjist bæði umsvif og atvinna til þéttbýlli staða sem leiðir enn til flóttu fólks af landsbyggðinni sem gengur þvert á fyrirheit stjórnvalda.

Í 10. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að lagt verði á veiðileyfagjald sem nemi 9,5% af tekjum að frádregnum ákveðnum kostnaðarpáttum. Gjaldið kemur til framkvæmda í áföngum, fyrst árið 2004 en síðan í áföngum en frá og með árinu 2009 að fullu.

Með þessu gjaldi, sem hefði numið á árinu 2001, m.v. 9.5% gjaldtöku, rúmlega tveimur milljörðum króna, er verið að sérskatta íslenskan sjávarútveg umfram aðrar atvinnugreinar og það sem verst er og órókréttast við þessa skattheimtu er það að með henni er verið að leggja auknar byrðar á landsbyggðina þar sem megnið af íslenskum útgerðum hafa þar aðsetur sitt. Þessi skattheimta gengur því þvert á fögur fyrirheit stjórnvalda um að stuðla að byggð vítt og breitt um landið.


Einnig hljóta menn að spyrja? Af hverju sérstakan skatt á þessa einu atvinnugrein? Af hverju ekki sérskatt á orkuvinnsluna sem nýtir fallvötnin og af hverju ekki að sérskatta ferðaþjónustuna sem er að selja afnot af landinu o.s.frv. Tæpast er verið að leggja sérskatt á sjávarútveginn vegna þess að greinin í heild sinni standi of vel, grein

Fagmenn til sjós og lands!

sem skuldar hátt í tvöhundruð milljarða króna. Við sem semjum um kaup og kjör vélstjóra á fiskiskipum við samtök útgerðarmanna verðum ekki varir við að þar sé að finna mikið fjármagn á lausu. Það birtist m.a. í því að greiðslur útgerðarinnar í styrktar- og sjúkrasjóð Vélstjórafélags Íslands eru svo naumar að ef miða ætti réttindi til bóta við þær þá mundu réttindi vélstjóra á fiskiskipum vera mun rýrari en réttindi þeirra sem starfa í landi eða á kaupskipum.

Einnig má nefna hér að vélstjórar fiskiskipa ásamt öðrum fiskimönnum eru, það undirritaður best veit, einu launþegar þessa lands sem ekki fá greitt af öllum launum í svokallaðan séreignalífeyrissparnað þar sem þeirra séreignasparnaður er m.v. kauptryggingu en ekki heildarlaun.

Til viðbótar má nefna það að ríkissjóður greiðir um þessar mundir niður laun sjómanna með hinum svokallaða sjómannaafslætti, sem nemur nú um einum milljarði króna á ári. Það er mat félagsins að eðlilegra sé að ríkið semji fyrst við útgerðina um að hún standi straum af öllum launum sjómanna áður en farið er að sérskatta greinina. Það lítur nokkuð kauðslega út í bókhaldinu að byrja á því að skattleggja en nota síðan bróðurpartinn af skattinum til þess að styrkja sama aðila.

Virðingarfyllst
f.h. Vélstjórafélags Íslands


Helgi Laxdal, formaður